

Mál nr. 112/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/sjúklingatryggingar lækni

Árgreiningur um réttarstöðu til framhaldi af lækniaðgerð þann 09.10. 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 12.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.07. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M leitaði til vátryggingartaka í þeim tilgangi að láta lagfæra eins og kostur er ör á vinstri úlnlið hennar. M telur að aðgerðin hafi átt að vera til þess að laga örið svo það sæist ekki. Vátryggingafélagið vísar til þess að vátryggingartaki kveður aftur á móti að M hafi verið gerð grein fyrir því að laga ætti inndrátt og styttingu á “stærra örinu en að hitt örið væri ekki hægt að lagfæra”.

M fór þannig í aðgerð til þess að láta ör á hendinni líkt og upplýst er í málskotinu. Hún telur að aðgerðin hafi mistekist sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingfélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að læknisferlið hafi ekki verið óeðlilegt. Engin gögn liggja fyrir sem styðja kröfu M að því er félagið telur.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 11. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.